

# Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 26. ágúst 2019

## klukkan 17:00

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eyþórsson, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason.

### 1. Kynning á uppgjöri Reykjavíkurmeistaramóts og Íslandsmóts

Framkvæmdastjóri leggur fram uppgjör vegna Reykjavíkurmeistaramóts og Íslandsmóts.

Á Reykjavíkurmeistaramóti voru um 800 skráningar.

- Tekjur: 6.123.695.-
- Gjöld: 5.415.097.-
- Hagnaður: 708.599.-

Á Íslandsmóti voru um 750 skráningar.

- Tekjur: 5.642.628.-
- Gjöld: 5.804.540.-
- Tap: -161.912.-

### 2. Fjáröflun fyrir komandi tímabil

Nauðsynlegt er að leitað verði eftir styrjum fyrir komandi keppnistímabil í haust. Hingað til hefur mótanefnd verið að sjá um að sækja styrki til fyrirtækja ásamt allri skipulagningu móta. Það fyrirkomulag hefur ekki verið að gefa góða raun og er því nauðsynlegt að breyta því með til dæmis stofnun einhverskonar fjáröflunarnefnd. Framkvæmdastjóra er falið að vinna að tillögu.

### 3. Viðburðadagatal Fáks

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að viðburðadagatali fyrir næsta tímabil. Framkvæmdastjóra er falið að skoða ákveðna viðburði með viðeigandi nefndum/aðilum með tilliti til endanlegra dagsetninga.

### 4. Nýframkvæmdir í Almannadal

Farið er yfir hugmyndir að nýframkvæmdum í Almannadal.

### 5. Öryggismyndavélar á félagssvæði Fáks

Nauðsynlegt er fyrir félagið að koma sér upp öryggismyndavélum. Þær er hægt að nota í ýmsum tilgangi:

- Í reiðhöllinni er vöktun á eignum Fáks innan- og utandyra.
- Eftirfylgni með að aðgangur daglegra notenda að reiðhöllinni sé rétt notaður og af þeim sem er skráður á viðkomandi lykil.
- Hægt er að hafa reiðhöllina opna allan sólarhringinn.
- Ef einhver verður uppvís af því að brjóta reglur sem gilda í reiðhallarsal er hægt að skoða viðkomandi atvik af upptökum.
- Hægt væri að setja upp myndavélar á aðkomu að svæðinu frá Árbæ og frá Breiðholtsbraut. Setja upp skilti sem tilkynna að svæði Fáks sé vaktað með CCTV myndavélum.

Framkvæmdastjóra er falið að vinna að kostnaðaráætlun og nánari útfærslu á tillögunni.

## **6. Tillaga að uppfærðri gjaldskrá**

### ***Tillaga framkvæmdastjóra að gjaldskrá 2019-2020.***

#### **Árgjald fyrir félagsmenn 2019-2020:**

Lykill 1 gildir frá 8:00 til 22:00 alla daga: 50.000 kr/árið + lykill

Lykill 2 gildir frá 14:00 til 22:00 alla virka daga og 9:00 til 22:00 um helgar : 15.000 kr/árið + lykill

Unglingar og ungmenni 16-21 ára fá 50% afslátt af árgjaldi

16 ára og yngri greiða eingöngu lyklagjald: 3.000 kr/árið

#### **Árgjald fyrir utanfélagsmenn 2019-2020:**

Lykill 1: 70.000

Lykill 2: 35.000

Unglingar og ungmenni 16-21 ára fá 50% afslátt af árgjaldi

16 ára og yngri: 6.000

(13 ára og yngri skulu vera í fylgd forráðamanns í reiðhöllinni)

#### **Útleiga 1.janúar til 15. júní:**

Tímagjald:

1/1 höllin – 12.000 kr (einungis hægt að leigja heilan eða hálfan dag)

1/2 höllin – 5.500 kr fyrir félagsmenn vegna reiðkennslu

1/3 höllin – 3.800 kr fyrir félagsmenn vegna reiðkennslu

#### **Verðskrá fyrir þá sem eru ekki handhafar árskorta:**

1 dagur – 1.500 kr

10 dagar – 8.000

1 mánuður – 12.000

Afgreiðslu gjaldskrár er frestað þangað til eftir fund með formönnum og framkvæmdastjórum á höfuðborgarsvæðinu.

## **7. Staða fjármála**

Farið var yfir stöðu fjármála.

## **8. Saga Fáks**

Saga Fáks er vel á veg komin og ritnefnd og tengdir aðilar eru að fara að hittast á næstu dögum.

## **9. Reiðhallarsamningur við ÍTR**

Samningur rennur út um áramótin og er formaður ásamt framkvæmdastjóra að vinna að nýjum samningi.

## **10. Reiðhallir Víðidal**

Farið yfir stöðu mála varðandi uppbyggingu reiðhalla í Víðidal og í Faxabóli.

**Fundi slitið 18:50.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**